

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2017/571**

2021/EES/72/05

frá 2. júní 2016

**um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um starfsleyfi, skipulagskröfur og birtingu viðskiptaupplýsinga fyrir veitendur gagnaskýrsluþjónustu (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB <sup>(1)</sup>, einkum 61. gr. (4. mgr.), 64. gr. (6. og 8. mgr.), 65. gr. (6. og 8. mgr.) og 66. gr. (5. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við tilskipun 2014/65/ESB eru veitendur gagnaskýrsluþjónustu þrjár mismunandi tegundir aðila: viðurkennd skýrslugjafarkerfi (ARM), viðurkennd birtingarþjónusta (APA) og þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar (CTP). Þótt þessar tegundir aðila stundi mismunandi starfsemi kveður tilskipun 2014/65/ESB á um svipað starfsleyfisferli fyrir þær allar.
- 2) Í umsókn um starfsleyfi sem veitandi gagnaskýrsluþjónustu ætti umsækjandi að veita starfsáætlun og skipurit. Í skipuritinu ætti að tilgreina hver ber ábyrgð á mismunandi starfsemi sem auðveldar lögbæru yfirvaldi að meta hvort veitandi gagnaskýrsluþjónustu hafi nægan mannauð og yfirsýn yfir starfsemi sína. Skipuritið ætti ekki aðeins að taka til gagnaskýrsluþjónustunnar heldur einnig annarrar þjónustu sem aðilinn veitir þar sem þetta gæti varpað ljósi á svið sem gætu haft áhrif á óhæði veitanda gagnaskýrsluþjónustu og ýtt undir hagsmunaárekstra. Umsækjandi um starfsleyfi sem veitandi gagnaskýrsluþjónustu ætti einnig að veita upplýsingar um samsetningu, starfsemi og óhæði stjórna sinna og gera þannig lögbærum yfirvöldum kleift að meta hvort stefnur, verkferlar og skipulag stjórnarháttá tryggi óhæði veitanda gagnaskýrsluþjónustu og komi í veg fyrir hagsmunaárekstra.
- 3) Hagsmunaárekstrar geta orðið milli veitanda gagnaskýrsluþjónusta og viðskiptavina sem nota þjónustu þeirra til að uppfylla eftirlitsskyldur og annarra aðila sem kaupa gögn frá veitendum gagnaskýrsluþjónustu. Þessir árekstrar gætu einkum orðið þegar veitandi gagnaskýrsluþjónustu stundar aðra starfsemi, s.s. ef hann kemur fram sem rekstraraðili markaðar, verðbréfafyrirtæki eða afleiðuviðskiptaskrá. Ef ekki er brugðist við árekstrum gæti það leitt til aðstæðna þar sem veitandi gagnaskýrsluþjónustu hefur hvata til að seinka birtingu eða framlagningu gagna eða til að eiga viðskipti á grunni trúnaðarupplýsinga sem hann hefur móttengið. Veitandi gagnaskýrsluþjónustu ætti því að beita heildrænni nálgun við að greina, koma í veg fyrir og takast á við fyrirbyggjandi og hugsanlega hagsmunaárekstra, þ.m.t. að taka saman skrá um hagsmunaárekstra og setja viðeigandi stefnur og verklagsreglur til að takast á við þessa árekstra og, þegar nauðsynlegt er, aðskilja viðskiptastarfsemi og starfsfólk til að takmarka flæði viðkvæmra upplýsinga milli mismunandi rekstrarsviða hjá veitanda gagnaskýrsluþjónustu.
- 4) Allir stjórnarmenn veitanda gagnaskýrsluþjónustu ættu að vera einstaklingar sem hafa nægilega gott orðspor og búa yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu þar sem þessir einstaklingar gegna lykilhlutverki við að tryggja að veitandi gagnaskýrsluþjónustu uppfylli eftirlitsskyldur sínar og eiga þátt í að móta starfsstefnu veitanda gagnaskýrsluþjónustu. Því er mikilvægt fyrir veitanda gagnaskýrsluþjónustu að sýna fram á að hann hafi traust ferli til að skipa stjórnarmenn og endurmeta frammistöðu þeirra og að til staðar séu skýrar boðleiðir og fram fari regluleg skýrslugjöf til stjórnar.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtfð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 126. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 88, 31.10.2019, bls. 7.

(<sup>1</sup>) Stjtfð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349.

- 5) Útvistun á starfsemi, einkum nauðsynlegri starfsemi, getur leitt til verulegra breytinga á skilyrðunum fyrir veitingu starfsleyfis til veitanda gagnaskýrsluþjónustu. Til að tryggja að útvistun á starfsemi muni hvorki hindra getu veitanda gagnaskýrsluþjónustu til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB né leiða til hagsmunaárekstra ætti veitandi gagnaskýrsluþjónustu að geta sýnt fram á að yfirsýn og eftirlit með þessari starfsemi sé með fullnægjandi hætti.
- 6) Upplýsingatæknikerfi veitanda gagnaskýrsluþjónustu ættu að vera löguð að mismunandi verkefnum sem þessir aðilar geta sinnt, þ.e. að gera opinberar upplýsingar um viðskipti eða viðskiptaskýrslur eða veita sameinaðar viðskiptaupplýsingar, og vera nægjanlega traust til að tryggja samfellu og reglufestu í veitingu þessarar þjónustu. Í þessu felst að tryggja þess að upplýsingatæknikerfi veitanda gagnaskýrsluþjónustu geti tekist á við sveiflur í gagnamagni sem það verður að anna. Slíkar sveiflur, einkum óvænt aukning gagnastreymis, gætu haft neikvæð áhrif á skilvirkni kerfa veitanda gagnaskýrsluþjónustu og þar af leiðandi hæfni hennar til að birta eða tilkynna fullgerðar og réttar upplýsingar innan tilgreinds tímaramma. Til að geta ráðið við þetta ættu veitendur gagnaskýrsluþjónustu að prófa kerfi sín reglulega til að tryggja að þau séu nógu traust til að ráða við breytingar á rekstrarskilyrðum og nægjanlega sveigjanleg.
- 7) Varakerfi og fyrirkomulag sem veitandi gagnaskýrsluþjónustu tekur upp ætti að duga til að gera veitanda gagnaskýrsluþjónustu kleift að veita þjónustu sína, jafnvel þegar atvik verður er veldur röskun. Veitandi gagnaskýrsluþjónustu ætti að skilgreina þann hámarkstíma sem ásættanlegur er til að endurheimta nauðsynlega starfsemi eftir að röskun verður þannig að hægt sé að virða fresti til skýrslugjafar og birtingar á upplýsingum.
- 8) Til að tryggja að veitandi gagnaskýrsluþjónustu geti veitt þjónustu sína, ætti hann að greina hvaða verkefni og starfsemi eru nauðsynleg til að veita þjónustuna og mögulegar sviðsmyndir sem gætu leitt til atviks sem veldur röskun, þ.m.t. að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir og milda þessar aðstæður.
- 9) Þegar röskun verður á þjónustu ætti veitandi gagnaskýrsluþjónustu að tilkynna lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki sínu, öðrum viðkomandi lögbærum yfirvöldum, viðskiptavinum og almenningi um það því röskunin gæti einnig þýtt að þessir aðilar gætu ekki uppfyllt lagalegar skyldur sínar, eins og þá skyldu að framsenda viðskiptaskýrslur til annarra lögbundinna yfirvalda eða gera opinberar upplýsingar um framkvæmd viðskipti. Tilkynningin ætti að gera þessum aðilum kleift að gera aðrar ráðstafanir til að uppfylla skyldur sínar.
- 10) Þegar uppfærslur upplýsingatæknikerfa eru teknar í notkun gæti það hugsanlega haft áhrif á skilvirkni og traustleika kerfanna sem notuð eru til að láta gagnþjónustu í té. Til að koma í veg fyrir að rekstur upplýsingatæknikerfa hans verði á einhverjum tíma ósamrýmanlegur eftirlitsskyldum hans, einkum þeim að hafa til staðar traustan öryggisbúnað til að tryggja öryggi upplýsingaflutninga, lágmarka hættu á spillingu gagna og koma í veg fyrir upplýsingaleka fyrir birtingu, ætti veitandi gagnaskýrsluþjónustu að notast við vel skilgreindar þróunar- og prófunaraðferðir til að tryggja að eftirlit með reglufylgni og áhættustýringu sem er innbyggt í kerfin virki eins og ætlast er til og að kerfið geti haldið áfram að vinna á skilvirkan hátt við allar aðstæður. Þegar veitandi gagnaskýrsluþjónustu gerir verulegar kerfisbreytingar skal hann tilkynna það lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki sínu og, eftir atvikum, öðrum lögbærum yfirvöldum svo þau geti metið hvort uppfærslan muni hafa áhrif á kerfi þeirra og hvort skilyrði starfsleyfis séu áfram uppfyllt.
- 11) Ótímabær opinber birting, þegar um er að ræða upplýsingar um viðskipti, eða óheimil birting þegar um er að ræða viðskiptaskýrslur, gæti gefið vísbendingar um viðskiptaáætlun eða opinberað viðkvæmar upplýsingar eins og deili viðskiptavina veitanda gagnaskýrsluþjónustu. Því ætti veitandi gagnaskýrsluþjónustu að koma á fót raunlægum eftirlitsráðstöfunum, eins og læstri aðstöðu, og rafrænum eftirlitsráðstöfunum sem felur meðal annars í sér eldveggi og lykilorð, til að tryggja að einungis starfsmenn með aðgangsheimild hafi aðgang að gögnunum.
- 12) Frávik frá raunlægum eða rafrænum öryggisráðstöfunum veitanda gagnaskýrsluþjónustu er ógn við trúnað í gögnum viðskiptavina. Við slíkt frávik ætti veitandi gagnaskýrsluþjónustu, af þessum sökum, að tilkynna það tafarlaust viðkomandi lögbæru yfirvaldi og viðskiptavinum sem frávikidd gæti haft áhrif á. Slík tilkynning til lögbærs yfirvalds í

heimaaðildarríkinu er nauðsynleg til að gera því kleift að annast viðvarandi eftirlitsskyldur sínar í tengslum við hvort veitandi gagnaskýrsluþjónustu standi á réttan hátt að traustu öryggisfyrirkomulagi til að tryggja öryggi upplýsinganna og lágmarka hættu á spillingu gagna og óleyfilegum aðgangi. Einnig ætti að tilkynna öðrum lögbærum yfirvöldum sem hafa tæknilegan skilflöt við veitanda gagnaskýrsluþjónustu þar sem þau gætu orðið fyrir skaðlegum áhrifum, einkum þegar frávikid varðar aðferðir við að senda upplýsingar á milli veitanda gagnaskýrsluþjónustu og lögbæra yfirvaldsins.

- 13) Verðbréfafyrirtæki sem ber skylda til að tilkynna um viðskipti sín, svokallað „skýrslugjafarfyrirtæki“, er heimilt að nota þriðja aðila til að afhenda viðurkennda skýrslugjafarkerfi viðskiptaskýrslur fyrir hönd þess, þ.e. „afhendingarfyrirtæki“. Í krafti þessa hlutverks hefur afhendingarfyrirtækið aðgang að trúnaðarupplýsingunum sem það afhendir. Afhendingarfyrirtækið ætti þó ekki að hafa heimild til aðgangs að öðrum gögnum um skýrslugjafarfyrirtækið eða viðskipti skýrslugjafarfyrirtækisins sem viðurkennda skýrslugjafarkerfið býr yfir. Slík gögn gætu tengst viðskiptaskýrslum sem skýrslugjafarfyrirtækið hefur sjálft lagt fram til viðurkennda skýrslugjafarkerfisins eða sent öðru afhendingarfyrirtæki í því skyni að senda til viðurkennda skýrslugjafarkerfisins. Gögn þessi ættu ekki að vera aðgengileg afhendingarfyrirtækinu þar sem þau gætu haft að geyma trúnaðarupplýsingar eins og auðkenni viðskiptavina skýrslugjafarfyrirtækisins.
- 14) Veitandi gagnaskýrsluþjónustu ætti að fylgjast með því að gögn sem það birtir eða afhendir séu rétt og fullgerð og ætti að sjá til þess að hann hafi búnað til að greina villur eða yfirsjónir af völdum viðskiptavinarins eða hans sjálfs. Þegar viðurkennt skýrslugjafarkerfi á í hlut getur þetta verið afstemming á úrtaksþýði gagna sem verðbréfafyrirtæki sendir viðurkennda skýrslugjafarkerfi, eða verður til hjá viðurkennda skýrslugjafarkerfinu fyrir hönd verðbréfafyrirtækisins, við samsvarandi gögn sem lögbæra yfirvaldið leggur fram. Tíðni og umfang þess háttar afstemmingar ætti að vera í réttu hlutfalli við gagnamagnið sem viðurkennt skýrslugjafarkerfi meðhöndlar og að hvaða marki það býr til viðskiptaskýrslur úr gögnum viðskiptavina eða miðlar áfram þeim viðskiptaskýrslum sem viðskiptavinir hafa gert. Viðurkennda skýrslugjafarkerfið ætti að halda áfram að fylgjast með afkastagetu kerfa sinna til að tryggja tímanlega skýrslugjöf sem er laus við villur og engu er sleppt úr.
- 15) Ef viðurkennt skýrslugjafarkerfi veldur sjálft villu eða sleppir upplýsingum ætti það að leiðrétta þær upplýsingar án tafar og tilkynna lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki sínu og hverju því lögbæra yfirvaldi sem það sendir skýrslur um villur eða yfirsjónir þar sem þessi lögbæru yfirvöld hafa áhuga á gæðum þeirra gagna sem þeim eru send. Viðurkennda skýrslugjafarkerfið ætti einnig að tilkynna viðskiptavininum um villuna eða yfirsjónina og láta viðskiptavininum í té uppfærðar upplýsingar til að viðskiptavinurinn geti lagað innri skrár sínar að upplýsingunum sem viðurkennda skýrslugjafarkerfið sendi lögbæra yfirvaldinu fyrir hönd viðskiptavinarins.
- 16) Viðurkenndar birtingarþjónustur og þjónustur fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar ættu að geta eytt og breytt upplýsingunum sem þær taka við frá aðila sem veitir upplýsingar til að takast á við þau undantekningartilvik þegar skýrslugjafaraðilinn á við tæknileg vandamál að glíma og getur hvorki eytt né breytt upplýsingunum sjálfur. Viðurkenndar birtingarþjónustur og þjónustur fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar ættu annars ekki að bera ábyrgð á því að leiðrétta upplýsingar sem finna má í birtum upplýsingum þegar villuna eða yfirsjónina má rekja til aðilans sem veitti upplýsingarnar. Ástæða þessa er sú að viðurkenndar birtingarþjónustur og þjónustur fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar geta ekki vitað með vissu hvort í raun sé um að ræða villu eða yfirsjón þar sem þær voru ekki aðilar að framkvæmdum viðskiptum.
- 17) Til að auðvelda áreiðanleg boðskipti milli viðurkenndrar birtingarþjónustu og verðbréfafyrirtækisins sem tilkynnir um viðskipti, einkum í tengslum við niðurfellingar og breytingar á tilteknum viðskiptum, ætti viðurkennd birtingarþjónusta að láta auðkenniskóða viðskipta, sem viðurkennda birtingarþjónustan hafði úthlutað þegar upplýsingarnar voru gerðar opinberar, fylgja staðfestingunni til verðbréfafyrirtækisins sem tilkynnir viðskiptin.
- 18) Til að uppfylla skýrslugjafarskyldur sínar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 <sup>(1)</sup>, ætti viðurkennt skýrslugjafarkerfi að tryggja snurðulaust flæði upplýsinga til og frá lögbæru yfirvaldi, þ.m.t. leiðir til að yfirfæra skýrslur og fást við skýrslur sem er hafnað. Viðurkennt skýrslugjafarkerfi ætti því að geta sýnt fram á að það geti farið að tækniforskriftum sem lögbært yfirvald setur fram að því er varðar skilflötinn milli viðurkennda tilkynningakerfisins og lögbæra yfirvaldsins.

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stj.útd. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

- 19) Veitandi gagnaskýrsluþjónustu ætti einnig að tryggja að hann geymi upplýsingar í viðskiptaskýrslum og upplýsingum um viðskipti, sem hann meðhöndlar, nógu lengi til að lögbær yfirvöld geti auðveldlega heimt eldri upplýsingar. Í sérstökum tilvikum þegar um er að ræða viðurkenndar birtingarþjónustur og þjónustur fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar ætti að tryggja að þær innleiði nauðsynlegar skipulagsráðstafanir til að viðhalda gögnum í a.m.k. þann tíma sem tiltekinn er í reglugerð (ESB) nr. 600/2014 og geti svarað öllum þjónustubeiðnum sem falla undir þessa reglugerð.
- 20) Í þessari reglugerð er kveðið á um nokkrar viðbótarþjónustur sem þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar gæti framkvæmt og aukið þannig skilvirkni markaðarins. Í ljósi mögulegrar markaðsþróunar þykir ekki rétt að láta í té tæmandi lista yfir viðbótarþjónustur sem þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar gæti framkvæmt. Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar ætti því að geta veitt frekari þjónustu umfram þá viðbótarþjónustu sem er sérstaklega tilgreind í þessari reglugerð að því tilskildu að slík önnur þjónusta hafi enga áhættu í för með sér að því er varðar óhæði þjónustu fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar eða gæði sameinaðra viðskiptaupplýsinga.
- 21) Til að tryggja skilvirka miðlun upplýsinga sem viðurkenndar birtingarþjónustur og þjónustur fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar gera opinberar og auðvelt aðgengi og notkun slíkra upplýsinga af hálfu markaðsaðila ætti að birta upplýsingarnar á tölvulæsilegu sniði gegnum traustar leiðir sem gera mögulegan sjálfvirkann aðgang að gögnum. Þótt vefsetur bjóði ekki alltaf upp á trausta uppbyggingu og nægjanlega skölnu sem stuðlar að auðveldum sjálfvirkum aðgangi að gögnum gæti síðar meir orðið mögulegt að sigrast á þessum tæknilegu takmörkunum. Því ætti ekki að lýsa tiltekinni tækni heldur setja fram viðmið sem tæknin sem verður notuð þarf að uppfylla.
- 22) Að því er varðar hlutabréfagerninga og gerninga sem líkjast hlutabréfum útilokar reglugerð (ESB) nr. 600/2014 ekki að verðbréfafyrirtæki geri viðskipti sín opinber gegnum fleiri en eina viðurkennda birtingarþjónustu. Sérstakt fyrirkomulag ætti þó að vera til staðar til að auðvelda hagsmunaaðilum að sameina viðskiptaupplýsingar frá fleiri en einni viðurkenndri birtingarþjónustu, einkum þjónustum fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar, til að greina mögulega tvítekingu viðskipta af þeim toga þegar sömu viðskiptin gætu annars verið sameinuð margsinis og viðurkenndar birtingarþjónustur gætu birt margsinis. Þetta myndi grafa undan gæðum og notagildi sameinaðra viðskiptaupplýsinga.
- 23) Þegar viðurkenndar birtingarþjónustur birta upplýsingar um viðskipti ættu þær því að birta upplýsingar sem verðbréfafyrirtæki tilkynna með því að bæta við reitnum „afrit“ sem gefur til kynna hvort upplýsingarnar séu afrit. Til að stuðla að hlutlausri nálgun með tilliti til tækni sem er notuð er nauðsynlegt að kveða á um ólíkar mögulegar leiðir sem viðurkennd birtingarþjónusta getur notað til að greina afrit.
- 24) Til að tryggja að hver viðskipti séu aðeins talin einu sinni í sameinuðu viðskiptaupplýsingunum og þar með auka áreiðanleika veittra upplýsinga, ætti þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar ekki að birta upplýsingar í tengslum við viðskipti sem viðurkennd birtingarþjónusta hefur birt og eru skilgreindar sem afrit.
- 25) Viðurkenndar birtingarþjónustur ættu að birta upplýsingar um viðskipti, þ.m.t. viðkomandi tímastimpla, s.s. tímann þegar viðskiptin voru framkvæmd og tímann þegar tilkynnt var um þau. Nákvæmni tímastimpla ætti enn fremur að endurspeglja eðli viðskiptakerfisins þar sem viðskiptin voru framkvæmd. Nákvæmnin ætti að vera meiri þegar birtar eru upplýsingar um viðskipti sem framkvæmd eru í rafrænum kerfum en þegar viðskipti eru ekki framkvæmd í rafrænum kerfum.
- 26) Þjónustum fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar er heimilt að birta upplýsingar um hlutabréfagerninga og gerninga aðra en hlutabréfagerninga. Vegna mismunandi krafna um starfrækslu þessara sameinuðu viðskiptaupplýsinga, einkum umtalsvert víðara sviðs fjármálagerninga þegar einnig eru taldir gerningar sem eru ekki hlutabréfagerningar og frestaðrar gildistöku ákvæða tilskipunar 2014/65/ESB um sameinaðar viðskiptaupplýsingar um aðra gerninga en hlutabréf, tilgreinir þessi reglugerð aðeins umfang sameinaðra upplýsinga þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar um hlutabréfagerninga.
- 27) Ákvæði þessarar reglugerðar eru nátengd þar eð þau fjalla um starfsleyfi, skipulagskröfur og opinbera birtingu upplýsinga um viðskipti fyrir veitendur gagnaskýrsluþjónustu. Til að tryggja samræmi milli þessara ákvæða, sem ættu að taka gildi á sama tíma, og til að hagsmunaaðilar hafi betri yfirsýn yfir þau, einkum þeir sem falla undir skuldbindingarnar, er nauðsynlegt að þessir tæknilegu eftirlitsstaðlar séu í einni reglugerð.

- 28) Reglugerð þessi tilgreinir kröfur um opinbera birtingu gagna sem gilda um viðurkenndar birtingarþjónustur og þjónustur fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar. Til að tryggja samræmda framkvæmd við opinbera birtingu viðskiptaupplýsinga af hálfu viðskiptavettvanga, viðurkenndra birtingarþjónusta og þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar og til að auðvelda sameiningu gagna af hálfu þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar ætti að beita ákvæðum þessarar reglugerðar í tengslum við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/587 <sup>(1)</sup> og (ESB) 2017/583 <sup>(2)</sup> þegar ítarlegar kröfur sem gilda um birtingu viðskiptaupplýsinga eru settar fram.
- 29) Nauðsynlegt er, til að gæta samræmis og tryggja snurðulausa virkni fjármálamarkaðarins, að ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og tengd innlend ákvæði sem leiða í lög tilskipun 2014/65/ESB komi til framkvæmda frá og með sama degi. Þar sem 2. mgr. 65. gr. tilskipunar 2014/65/ESB kemur til framkvæmdar frá og með 3. september á árinu eftir að þessi reglugerð kemur til framkvæmda ættu tiltekin ákvæði þessarar reglugerðar að gilda frá þessari síðari dagsetningu.
- 30) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 31) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álit hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 <sup>(3)</sup>,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

#### I. KAFLI

#### STARFSLEYFI

(Ákvæði 2. mgr. 61. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

##### 1. gr.

#### Upplýsingar til lögbærra yfirvalda

1. Umsækjandi um starfsleyfi til að veita gagnaskýrsluþjónustu skal leggja fyrir lögbært yfirvald þær upplýsingar sem settar eru fram í 2., 3. og 4. gr. og upplýsingar í tengslum við þær skipulagskröfur sem settar eru fram í II. og III. kafla.
2. Veitandi gagnaskýrsluþjónustu skal tafarlaust upplýsa lögbært yfirvald í heimaaðildarríki sínu um allar verulegar breytingar á þeim upplýsingum sem veittar eru þegar starfsleyfið er veitt sem og þeim upplýsingum sem veittar eru síðar.

##### 2. gr.

#### Upplýsingar um fyrirtækið

1. Umsækjandi um starfsleyfi til að veita gagnaskýrsluþjónustu skal láta starfsáætlun sína sem um getur í 2. mgr. 61. gr. tilskipunar 2014/65/ESB fylgja umsókn sinni um starfsleyfi. Starfsáætlunin skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:
  - a) upplýsingar um stjórnskipulag umsækjanda, þ.m.t. skipurit og lýsingar á mannauði, tækniúræðum og lögfræðiþjónustu sem atvinnustarfsemi hans er úthlutað,

<sup>(1)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/587 frá 14. júlí 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um kröfur um gagnsæi fyrir viðskiptavettvanga og verðbréfafyrirtæki að því er varðar hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini eða aðra svipaða fjármálagerninga og um þá skyldu að viðskipti með tiltekin hlutabréf skuli fara fram á viðskiptavettvangi eða hjá innmiðlara (Stjtið. L 87, 31.3.2017, bls. 387).

<sup>(2)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/583 frá 14. júlí 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um kröfur um gagnsæi fyrir viðskiptavettvanga og verðbréfafyrirtæki að því er varðar skuldabréf, samsettar fjármálaafurðir, losunarheimildir og afleiður (Stjtið. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 229).

<sup>(3)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

- b) upplýsingar um stefnur og verklagsreglur veitanda gagnaskýrsluþjónustunnar um hlítungu, þ.m.t.:
    - i. heiti einstaklings eða einstaklinga sem bera ábyrgð á að samþykkja og viðhalda þessum stefnum,
    - ii. tilhögun við að hafa eftirlit með og framfylgja stefnum og verklagsreglum um hlítungu,
    - iii. aðgerðir sem gripið er til ef frávik á sér stað sem gæti leitt til þess að skilyrðum upphaflegrar veitingar starfsleyfis sé ekki fullnægt,
    - iv. lýsingu á verklagi tilkynninga til lögbærra yfirvalda um frávik sem gætu leitt til þess að skilyrðum upphaflegrar veitingar starfsleyfis sé ekki fullnægt,
  - c) lista yfir alla útviðstaða rekstrarþætti og tilföng sem úthlutað er til eftirlits með útviðstaðum rekstrarþáttum.
2. Veitandi gagnaskýrsluþjónustu sem býður aðra þjónustu en gagnaskýrsluþjónustu skal lýsa henni í skipuritinu.

3. gr.

**Stjórnarhættir**

1. Í umsókn um starfsleyfi til að veita gagnaskýrsluþjónustu skulu vera upplýsingar um stefnu umsækjanda um innri stjórnarhætti og verklagsreglur sem gilda um framkvæmdastjórnina, stjórn og, hafi þær verið stofnaðar, nefndir.
2. Upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 1. mgr. skulu hafa að geyma:
  - a) lýsingu á ferlum við val, ráðningar, frammistöðumat og brottvikningu framkvæmdastjórnar og stjórnarmanna,
  - b) lýsingu á stjórnunarlinum og tíðni upplýsingagjafar til framkvæmdastjórnar og stjórnar,
  - c) lýsingu á stefnum og verklagsreglum um aðgang stjórnarmanna að skjölum.

4. gr.

**Upplýsingar um stjórnarmenn**

1. Í umsókn um starfsleyfi til að veita gagnaskýrsluþjónustu skal umsækjandi veita eftirfarandi upplýsingar um hvern stjórnarmann:
  - a) nafn, fæðingardag og -stað, landsbundið auðkennisnúmer einstaklings eða jafngildi þess, heimilisfang og samskipta-upplýsingar,
  - b) stöðuna sem einstaklingurinn gegnir/mun gegna,
  - c) ferilskrá sem sýnir fram á fullnægjandi reynslu og þekkingu til að sinna skyldum á viðhlítandi hátt,
  - d) sakavottorð, á forni opinbers vottorðs, eða, sé slíkt skjal ekki tiltækt í viðkomandi aðildarríki, eigin yfirlýsingu um gott orðspor og heimild til handa lögbæra yfirvaldinu til að kanna hvort stjórnarmaðurinn hefur verið sakfelldur fyrir refsivert brot í tengslum við veitingu fjármála- eða gagnþjónustu eða í tengslum við svik eða fjárdrátt,
  - e) eigin yfirlýsingu um gott orðspor og heimild til handa lögbæru yfirvaldi til að kanna hvort stjórnarmaðurinn:
    - i. hefur sætt ákvörðun sér í óhag í viðurlagamáli hjá eftirlitsyfirvaldi eða ríkisstofnun eða er til umfjöllunar í slíku máli sem er ekki lokið,

- ii. hefur sætt úrskurði sér í óhag í einkamáli fyrir dómstóli í tengslum við veitingu fjármála- eða gagnþjónustu, eða vegna misferlis eða svika í atvinnurekstri,
  - iii. hefur verið hluti af stjórn fyrirtækis sem hefur sætt úrskurði því í óhag eða verið beitt viðurlögum af hálfu eftirlitsyfirvalds eða sætt því að eftirlitsyfirvald hefur afturkallað skráningu eða starfsleyfi þess,
  - iv. hefur verið synjað um rétt til að stunda starfsemi sem krefst skráningar hjá eða starfsleyfis frá eftirlitsyfirvaldi,
  - v. hefur verið hluti af stjórn fyrirtækis sem varð ógjaldfært eða var tekið til gjaldþrotaskipta á meðan einstaklingurinn gegndi slíkri stöðu eða innan árs frá því að hann hætti að gegna slíkri stöðu,
  - vi. hefur hlotið annars konar sektir, sætt tímabundinni sviptingu, verið gerður vanhæfur eða beittur öðrum viðurlögum af hálfu fagfélags eða samtaka í tengslum við svik eða fjárdrátt eða í tengslum við veitingu fjármála- eða gagnþjónustu,
  - vii. hefur verið vikið úr starfi sem framkvæmdastjóri, eða stjórnunarstöðu eða honum hefur verið sagt upp störfum eða hann leystur frá öðrum skyldum vegna misferlis eða vanrækslu í starfi,
- f) lágmarkstíma sem einstaklingnum ber að verja til starfs síns hjá veitanda gagnaskýrsluþjónustunnar,
- g) yfirlýsingu um alla hugsanlega hagsmunaárekstra sem geta verið til staðar eða komið upp við að gegna skyldunum og hvernig þessir árekstrar eru meðhöndlaðir.

## II. KAFLI

### SKIPULAGSKRÖFUR

(Ákvæði 64. gr. (3., 4. og 5. mgr.), 65. gr. (4., 5. og 6. mgr.) og 66. gr. (2., 3. og 4. mgr.) tilskipunar 2014/65/esh)

#### 5. gr.

### Hagsmunaárekstrar

1. Veitandi gagnaskýrsluþjónustu skal starfa eftir og viðhalda skilvirku stjórnunarfyrrirkomulagi sem er ætlað að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra við viðskiptavini sem nota þjónustu hans til að uppfylla lögbundnar skyldur sínar og hagsmunaárekstra við aðra aðila sem kaupa gögn frá veitendum gagnaskýrsluþjónustu. Slíkt fyrrirkomulag skal fela í sér stefnur og verklagsreglur um greiningu, meðhöndlun og upplýsingagjöf um núverandi og mögulega hagsmunaárekstra og skal fela í sér:
- a) skrá yfir núverandi og mögulega hagsmunaárekstra sem hefur að geyma lýsingu á þeim, uppgötvun þeirra, hvernig komið er í veg fyrir þá, hvernig tekist er á við þá og upplýst um þá,
  - b) aðskilnað verkefna og viðskiptastarfsemi hjá viðkomandi veitanda gagnaskýrsluþjónustu, þ.m.t.:
    - i. ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða stýra upplýsingaskiptum þegar hætta á hagsmunaárekstrum getur skapast,
    - ii. aðskilið eftirlit með aðilum sem skipta máli ef meginhlutverk þeirra snertir hagsmuni sem rekast hugsanlega á við hagsmuni viðskiptavinar,
  - c) lýsingu á gjaldtökustefnu sem ákvarðar gjöld sem veitandi gagnaskýrsluþjónustunnar og fyrirtæki sem hann er í nánum tengslum við taka,
  - d) lýsingu á starfskjarastefnu fyrir stjórnarmenn og framkvæmdastjórn,
  - e) reglur um viðtöku peninga, gjafa eða greiða af hálfu starfsfólks veitanda gagnaskýrsluþjónustu og stjórnar hans.

2. Skráin yfir hagsmunaárekstra sem um getur í a-lið 1. mgr. skal taka til hagsmunaárekstra sem verða við aðstæður þar sem veitandi gagnaskýrsluþjónustu:

- a) gæti notið fjárhagslegs ávinnings eða komist hjá fjárhagslegu tapi, viðskiptavini í óhag,
- b) gæti átt hagsmuna að gæta að því er varðar niðurstöðu þjónustu sem veitt er viðskiptavini sem eru aðrir en hagsmunir viðskiptavinarins að því er varðar þá niðurstöðu,
- c) gæti haft hvata til að setja eigin hagsmuni eða hagsmuni annars viðskiptavinar eða hóps viðskiptavina ofar hagsmunum viðskiptavinarins sem hann veitir þjónustuna,
- d) tekur við eða gæti tekið við hvata frá öðrum aðila en viðskiptavini, í tengslum við þjónustu sem veitt er viðskiptavini, í formi peninga, vöru eða þjónustu, öðrum en þóknunum eða gjöldum sem þegin eru fyrir þjónustuna.

6. gr.

### **Skipulagskröfur um útvistun**

1. Feli veitandi gagnaskýrsluþjónustu þriðju aðilum að annast verkefni fyrir sína hönd, þ.m.t. fyrirtækjum sem hann er í nánum tengslum við, skal hann tryggja að þriðji aðilinn sem veitir þjónustuna hafi hæfni og getu til að sinna verkefnum áreiðanlega og af fagmennsku.

2. Veitandi gagnaskýrsluþjónustu skal tilgreina hvaða verkefnum verður útvistað, þ.m.t. hve mikinn mannauð og tæknibúnað þarf til að annast hvern þátt í þeirri starfsemi.

3. Veitandi gagnaskýrsluþjónustu sem útvistar verkefnum skal tryggja að útvistunin dragi ekki úr hæfni eða getu hans til að sinna störfum framkvæmdastjórnar eða stjórnar.

4. Veitandi gagnaskýrsluþjónustu ber ábyrgð á allri útvistaðri starfsemi og skal gera skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja:

- a) að hann meti hvort þriðji aðilinn sem veitir þjónustuna sinnir útvistuðum verkefnum á skilvirkan hátt og í samræmi við gildandi lög og reglur og taki með skilvirkum hætti á annmörkum sem finnast,
- b) að áhætta í tengslum við útvistaða starfsemi uppgötvist og að til staðar sé fullnægjandi reglubundið eftirlit,
- c) fullnægjandi aðferðir til eftirlits með útvistuðum verkefnum, þ.m.t. skilvirkt eftirlit með starfsemi og áhættu sem henni tengist hjá veitanda gagnaskýrsluþjónustu,
- d) fullnægjandi rekstrarsamfellu útvistaðrar starfsemi.

Að því er varðar d-lið skal veitandi gagnaskýrsluþjónustu afla upplýsinga um ráðstafanir sem þriðji aðilinn sem veitir þjónustu gerir til að viðhalda rekstrarsamfellu, meta gæði þeirra og, þegar þörf krefur, krefjast úrbóta.

5. Veitandi gagnaskýrsluþjónustu skal tryggja að þriðji aðilinn sem veitir þjónustuna starfi með lögbæru yfirvaldi veitanda gagnaskýrsluþjónustunnar í tengslum við útvistuð verkefni.

6. Útvisti veitandi gagnaskýrsluþjónustu nauðsynlegri starfsemi skal hann veita lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki sínu eftirfarandi upplýsingar:

- a) auðkenni þriðja aðilans sem veitir þjónustuna,
- b) upplýsingar um skipulagsráðstafanir og stefnur sem lúta að útvistun og áhættu sem af henni hlýst eins og tilgreint er í 4. mgr.,
- c) innri og ytri skýrslur um útvistuðu starfsemina.

Að því er varðar fyrstu undirgrein 6. mgr. telst starfsemi nauðsynleg ef galli eða misbrestur í framkvæmd hennar myndi rýra verulega getu veitanda gagnaskýrsluþjónustu til að uppfylla áfram skilyrði og skyldur sem fylgja starfsleyfi hans eða aðrar skyldur hans samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB.



## 7. gr.

**Rekstrarsamfella og varakerfi**

1. Veitandi gagnaskýrsluþjónustu skal nota kerfi og búnað sem eru viðeigandi og nógu traust til að tryggja samfellu og reglufestu í framkvæmd veittrar þjónustu sem um getur í tilskipun 2014/65/ESB.
2. Veitandi gagnaskýrsluþjónustu skal framkvæma reglubundna endurskoðun, eigi sjaldnar en árlega, til að meta tæknilega innviði sína og tengdar stefnur og verklagsreglur, þ.m.t. ráðstafanir til að viðhalda rekstrarsamfellu. Veitandi gagnaskýrsluþjónustu skal ráða bót á þeim annmörkum sem endurskoðunin leiðir í ljós.
3. Veitandi gagnaskýrsluþjónustu skal búa yfir skilvirku fyrirkomulagi til að viðhalda rekstrarsamfellu til að takast á við atvik er valda röskun, þ.m.t.:
  - a) ferlum sem eru nauðsynleg til að tryggja þjónustu veitanda gagnaskýrsluþjónustu, þ.m.t. verklagi við stigmögnun aðgerða, viðkomandi útvistaða starfsemi eða í tengslum við hæði gagnvart ytri veitendum,
  - b) sértæku fyrirkomulagi rekstrarsamfellu sem tekur til nægilega víðs sviðs hugsanlegra sviðsmynda, til skamms og meðallangs tíma, þ.m.t. kerfisbilana, náttúruhamfara, fjarskiptatruflana, missis lykilstarfsfólks og þess að ekki sé unnt að nota húsnæði sem venjulega er notað,
  - c) varaeintökum vélbúnaðarhluta, sem gerir kleift að skipta yfir í varakerfi, þ.m.t. tengingum netkerfa og fjarskiptaleiðum,
  - d) öryggisafritun gagna sem eru nauðsynleg starfseminni og skal búa yfir uppfærðum upplýsingum um nauðsynlega tengiliði, sem tryggir samskipti innan starfsemi veitanda gagnaskýrsluþjónustunnar og við viðskiptavini,
  - e) verklagsreglum um flutning á varastað og starfrækslu gagnaskýrsluþjónustu þar,
  - f) viðmiðum um hámarks endurheimtartíma nauðsynlegrar starfsemi, sem skal vera eins stuttur og kostur er og aldrei lengri en sex klukkustundir fyrir viðurkennda birtingarþjónustu og þjónustu fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar og til dagsloka á næsta virka degi fyrir viðurkennd skýrslugjafarkerfi,
  - g) þjálfun starfsfólks í fyrirkomulagi til að viðhalda rekstrarsamfellu, hlutverkum einstaklinga, þ.m.t. tiltekinna öryggisstarfsmanna sem eru reiðubúnir að bregðast við þegar í stað ef röskun verður á þjónustu.
4. Veitandi gagnaskýrsluþjónustu skal innleiða áætlun um reglulega prófun, endurskoðun og, þegar þörf krefur, breytingar á fyrirkomulagi til að viðhalda rekstrarsamfellu.
5. Veitandi gagnaskýrsluþjónustu skal birta upplýsingar á vefsetri sínu, og upplýsa án tafar lögbært yfirvald í heimaaðildarríki sínu og viðskiptavini sína, um alla truflun á þjónustu og raskanir á sambandi og áætlaðan tíma fram að því að venjuleg þjónusta hefjist aftur.
6. Sé um að ræða viðurkennt skýrslugjafarkerfi skal einnig senda þær tilkynningar sem um getur í 5. mgr. til lögbærna yfirvalda sem viðurkennda skýrslugjafarkerfið sendir viðskiptaskýrslur til.

## 8. gr.

**Prófun og afkastageta**

1. Veitandi gagnaskýrsluþjónustu skal innleiða vel skilgreindar þróunar- og prófunaraðferðir sem tryggja að:
  - a) starfræksla upplýsingatæknikerfa fullnægi eftirlitsskyldum veitanda gagnaskýrsluþjónustu,
  - b) eftirlitstæki regluvörslu og áhættustýringar sem byggð eru inn í upplýsingatæknikerfin virki eins og ætlast er til,
  - c) upplýsingatæknikerfi geti alltaf haldið áfram að vinna á skilvirkan hátt.

2. Veitandi gagnaskýrsluþjónustu skal einnig beita þeim aðferðum sem um getur í 1. mgr. fyrir og eftir að uppfærslur upplýsingatæknikerfa eru teknar í notkun.
3. Veitandi gagnaskýrsluþjónustu skal tafarlaust tilkynna lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki sínu um fyrirhugaðar verulegar breytingar á upplýsingatæknikerfinu áður en þær eru framkvæmdar.
4. Sé um að ræða viðurkennt skýrslugjafarkerfi skal einnig senda þær tilkynningar sem um getur í 3. mgr. til lögbærra yfirvalda sem viðurkennda skýrslugjafarkerfið sendir viðskiptaskýrslur til.
5. Veitandi gagnaskýrsluþjónustu skal innleiða viðvarandi áætlun um reglulega endurskoðun og, þegar þörf krefur, breytingar á þróunar- og prófunaraðferðum.
6. Veitandi gagnaskýrsluþjónustu skal reglulega framkvæma álagsprófanir, eigi sjaldnar en árlega. Veitandi gagnaskýrsluþjónustu skal í neikvæðum sviðsmyndum álagsprófsins taka til greina óvænta þróun mikilvægra þátta í kerfum og samskiptaleiðum sínum. Með álagsprófuninni skal greina hvernig vélbúnaður, hugbúnaður og fjarskipti bregðast við hugsanlegum ógnum og tilgreina kerfi sem ná ekki að takast á við neikvæðar sviðsmyndir. Veitandi gagnaskýrsluþjónustu skal gera ráðstafanir til að bregðast við annmörkum sem greinast í þessum kerfum.
7. Veitandi gagnaskýrsluþjónustu skal:
  - a) hafa fullnægjandi getu til að reka starfsemi sína án þess að hún liggi niðri eða bilanir verði, þ.m.t. að gögn vanti eða séu röng,
  - b) hafa nógu sveigjanlega getu til að ráða við, án ótilhlýðilegrar tafar, aukið magn upplýsinga sem vinna þarf úr og aukinn fjöldi aðgangsbeiðna frá viðskiptavinum sínum.

9. gr.

### Öryggi

1. Veitandi gagnaskýrsluþjónustu skal innleiða og viðhalda verklagsreglum og fyrirkomulagi um raunlægt og rafrænt öryggi sem er ætlað að:
  - a) vernda upplýsingatæknikerfi hans fyrir misnotkun og óheimilum aðgangi,
  - b) lágmarka hættu á árásum á upplýsingakerfin eins og þau eru skilgreind í 2. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/40/ESB <sup>(1)</sup>,
  - c) hindra óheimila birtingu trúnaðarupplýsinga,
  - d) tryggja öryggi og heilleika gagna.
2. Noti verðbréfafyrirtæki („skýrslugjafarfyrirtæki“) þriðja aðila („afhendingarfyrirtæki“) til að afhenda viðurkenndu skýrslugjafarkerfi upplýsingar fyrir sína hönd skal viðurkennda skýrslugjafarkerfið búa yfir verklagsreglum og fyrirkomulagi til að tryggja að afhendingarfyrirtækið hafi hvorki aðgang að öðrum upplýsingum um skýrslugjafarfyrirtækið né upplýsingum sem skýrslugjafarfyrirtækið hefur veitt viðurkennda skýrslugjafarkerfinu, sem skýrslugjafarfyrirtækið kann að hafa sent skýrslugjafarkerfinu beint eða gegnum annað afhendingarfyrirtæki.
3. Veitandi gagnaskýrsluþjónustu skal koma á og viðhalda úrræðum og ráðstöfunum til að greina tafarlaust og takast á við þá áhættu sem tilgreind er í 1. mgr.
4. Komi upp frávik í tengslum við raunlægar og rafrænar öryggisráðstafanir sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. skal veitandi gagnaskýrsluþjónustu tafarlaust tilkynna:
  - a) lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki sínu um það og leggja fram skýrslu um tilviknið sem greinir frá eðli þess, ráðstöfunum sem gerðar hafa verið til að ráða bót á því og aðgerðum sem gripið hefur verið til til að koma í veg fyrir svipuð tilvik,
  - b) þeim viðskiptavinum sínum sem öryggisfráviknið hefur áhrif á um það.

<sup>(1)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/40/ESB frá 12. ágúst 2013 um árásir gegn upplýsingakerfum, og um niðurfellingu á rammaákvörðun ráðsins 2005/222/DIM (Stjtið. ESB L 218, 14.8.2013, bls. 8).

5. Sé um að ræða viðurkennt skýrslugjafarkerfi skal einnig senda þær tilkynningar sem um getur í a-lið 4. mgr. til annarra lögbærra yfirvalda sem viðurkennda skýrslugjafarkerfið sendir viðskiptaskýrslur sínar til.

10. gr.

**Meðhöndlun viðurkenndrar birtingarþjónustu eða þjónustu fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar á ófullgerðum eða hugsanlega röngum upplýsingum**

1. Viðurkennd birtingarþjónusta eða þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar skal koma á og viðhalda viðeigandi fyrirkomulagi til að tryggja að hún birti með réttum hætti upplýsingar um viðskipti (e. *trade reports*) sem henni berast frá verðbréfafyrirtækjum og, sé um að ræða þjónustu fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar, frá viðskiptavettvöngum og viðurkenndri birtingarþjónustu, án þess að valda sjálf villum eða sleppa upplýsingum og skal leiðréttu upplýsingarnar hafi hún sjálf valdið villunni eða yfirsjóninni.
2. Viðurkennd birtingarþjónusta eða þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar skal fylgjast stöðugt með upplýsingatæknikerfum sínum í rauntíma til að tryggja að móttæknar upplýsingar um viðskipti hafi verið birtar.
3. Viðurkennd birtingarþjónusta eða þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar skal framkvæma reglubundnar afstemmingar milli annars vegar upplýsinga um viðskipti sem henni berast og hins vegar upplýsinga um viðskipti sem hún birtir og sannreyna að upplýsingarnar hafi verið birtar á réttan hátt.
4. Viðurkennd birtingarþjónusta skal staðfesta viðtöku upplýsinga um viðskipti við verðbréfafyrirtækið sem tilkynnir um viðskiptin, þ.m.t. auðkenniskóða viðskiptanna sem viðurkennda birtingarþjónustan úthlutar. Viðurkennda birtingarþjónustan skal vísa til auðkenniskóða viðskiptanna í síðari samskiptum við skýrslugjafarfyrirtækið í tengslum við tiltekna upplýsingar um viðskipti.
5. Viðurkennd birtingarþjónusta skal koma á og viðhalda viðeigandi fyrirkomulagi til að bera kennsl á, við móttöku, upplýsingar um viðskipti sem eru ófullgerðar eða hafa að geyma upplýsingar sem líklegt er að séu rangar. Þetta fyrirkomulag skal fela í sér sjálfvirka viðvörðun um verð og magn, þar sem tillit er tekið til:
  - a) geira og afmarkaðs sviðs hans þar sem viðskipti eru með fjármálagerninginn,
  - b) seljanleikastigs, þ.m.t. sögulegs viðskiptastigs,
  - c) viðeigandi viðmiða um verð og magn,
  - d) sé þess þörf, annarra breyta eftir eiginleikum fjármálagerningsins.
6. Ákvarði viðurkennd birtingarþjónusta að upplýsingar um viðskipti sem henni berast séu ófullgerðar eða hafi að geyma upplýsingar sem líklegt er að séu rangar skal hún ekki birta upplýsingarnar heldur tafarlaust gera verðbréfafyrirtækinu sem lagði þær fram viðvart.
7. Í undantekningartilvikum skal viðurkennd birtingarþjónusta eða þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar eyða og breyta tilteknum upplýsingum um viðskipti að beiðni þess aðila sem veitir upplýsingarnar ef honum er ókleift að eyða eða breyta eigin upplýsingum af tæknilegum ástæðum.
8. Viðurkennd birtingarþjónusta skal birta ófrávíkjanlegar reglur um brottfellingu og breytingar tiltekinnar upplýsinga um viðskipti, sem kveða á um viðurlög sem viðurkennda birtingarþjónustunni er heimilt að beita verðbréfafyrirtæki sem leggja fram upplýsingar um viðskipti ef ófullgerðu eða röngu upplýsingarnar hafa leitt til niðurfellingar eða breytingar á upplýsingum um viðskipti.

11. gr.

**Meðhöndlun viðurkennds skýrslugjafarkerfis á ófullgerðum eða hugsanlega röngum upplýsingum**

1. Viðurkennt skýrslugjafarkerfi skal innleiða og viðhalda viðeigandi fyrirkomulagi til að bera kennsl á viðskiptaskýrslur sem eru ófullgerðar eða hafa að geyma greinilegar villur sem viðskiptavinir hafa valdið. Viðurkennt skýrslugjafarkerfi skal sannreyna að viðskiptaskýrslur séu í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru skv. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 um reiti, snið og efni reita í samræmi við töflu 1 í I. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/590 <sup>(1)</sup>.

<sup>(1)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/590 frá 28. júlí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tækilega eftirlitsstaðla um skýrslugjöf um viðskipti til lögbærra yfirvalda (Stjttíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 449).

2. Viðurkennt skýrslugjafarkerfi skal innleiða og viðhalda viðeigandi fyrirkomulagi til að bera kennsl á viðskiptaskýrslur sem hafa að geyma villur eða yfirsjónir sem viðurkennda skýrslugjafarkerfið veldur sjálft og til að leiðrétta, þ.m.t. eyða eða breyta, slíkum villum og yfirsjónum. Viðurkennt skýrslugjafarkerfi skal sannreyna að reitir, snið og efni reita séu í samræmi við töflu 1 í I. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/590.
3. Viðurkennt skýrslugjafarkerfi skal fylgjast stöðugt með kerfum sínum í rauntíma til að tryggja að viðskiptaskýrsla sem því hefur borist hafi verið send lögbæru yfirvaldi í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.
4. Viðurkennt skýrslugjafarkerfi skal framkvæma reglulegar afstemmingar, að beiðni lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríki sínu eða þess lögbæra yfirvalds sem viðurkennda skýrslugjafarkerfið leggur fram viðskiptaskýrslur hjá, milli annars vegar þeirra upplýsinga sem berast viðurkennda skýrslugjafarkerfinu frá viðskiptavinum þess, eða upplýsinga sem það tekur saman fyrir hönd viðskiptavinarins, vegna viðskiptaskýrslna og hins vegar gagnaúrtök úr upplýsingunum sem lögbæra yfirvaldið útvegar.
5. Leiðréttingar, þ.m.t. niðurfellingar eða breytingar á viðskiptaskýrslum, sem ekki eru leiðréttingar á villum eða yfirsjónum sem viðurkennda skýrslugjafarkerfið veldur sjálft, skal aðeins gera að beiðni viðskiptavinar og fyrir hverja viðskiptaskýrslu sérstaklega. Felli viðurkennt skýrslugjafarkerfi niður eða breyti viðskiptaskýrslu að beiðni viðskiptavinar skal það senda honum þá tilkynningu uppfærða.
6. Verði viðurkennt skýrslugjafarkerfi vart við villu eða yfirsjón af völdum viðskiptavinar áður en það leggur fram viðskiptaskýrslu skal það ekki leggja hana fram og skal tafarlaust veita verðbréfafyrirtækinu upplýsingar um villuna eða yfirsjónina til að gera viðskiptavininum kleift að leggja fram leiðréttar upplýsingar.
7. Verði viðurkennt skýrslugjafarkerfi vart við villur eða yfirsjónir sem það veldur sjálft skal það tafarlaust leggja fram rétta og fullgerða tilkynningu.
8. Viðurkennt skýrslugjafarkerfi skal tafarlaust veita viðskiptavininum upplýsingar um villuna eða yfirsjónina og afhenda honum uppfærða viðskiptaskýrslu. Viðurkennt skýrslugjafarkerfi skal einnig tafarlaust tilkynna lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki sínu, og því lögbæra yfirvaldi sem viðurkennda skýrslugjafarkerfið sendi viðskiptaskýrsluna til, um villuna eða yfirsjónina.
9. Krafa um að leiðrétta eða fella niður viðskiptaskýrslur sem innihalda villu eða tilkynna viðskipti sem sleppt hefur verið skal ekki ná til villna eða yfirsjóna sem eiga sér stað meira en fimm árum fyrir daginn sem viðurkennda skýrslugjafarkerfið verður vart við slíkar villur eða yfirsjónir.

12. gr.

### **Tengingar viðurkenndra skýrslugjafarkerfa**

1. Viðurkennt skýrslugjafarkerfi skal hafa stefnur, fyrirkomulag og tæknilega getu til að fara að þeirri tækniforskrift um afhendingu viðskiptaskýrslna sem krafist er af lögbæra yfirvaldinu í heimaaðildarríki þess og öðrum lögbærum yfirvöldum sem viðurkennda skýrslugjafarkerfið sendir slíkar viðskiptaskýrslur til.
2. Viðurkennt skýrslugjafarkerfi skal hafa fullnægjandi stefnur, fyrirkomulag og tæknilega getu til að taka við viðskiptaskýrslum frá viðskiptavinum og senda upplýsingar aftur til viðskiptavina. Viðurkennt skýrslugjafarkerfi skal afhenda viðskiptavininum afrit af viðskiptaskýrslum sem það leggur fram hjá lögbæra yfirvaldinu fyrir hönd viðskiptavinarins.

13. gr.

### **Önnur þjónusta sem þjónustur fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar veita**

1. Þjónustu fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar er heimilt að veita eftirfarandi viðbótarþjónustu:
  - a) veitingu gagna til að tryggja gagnsæi áður en viðskipti fara fram,
  - b) veitingu sögulegra gagna,

- c) veitingu tilvísunargagna,
  - d) veitingu rannsókna,
  - e) vinnslu, dreifingu og markaðssetningu gagna og tölfraðilegra upplýsinga um fjármálagerninga, viðskiptavettvanga og önnur markaðstengd gögn,
  - f) hönnun, utanumhald, viðhald og markaðssetningu hugbúnaðar, vélbúnaðar og netkerfa í tengslum við sendingu gagna og upplýsinga.
2. Auk þeirrar þjónustu sem tilgreind er í 1. mgr. er þjónustu fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar heimilt að veita aðra þjónustu sem eykur skilvirkni markaðarins, að því tilskildu að sú þjónusta skapi ekki áhættu að því er varðar gæði sameinaðra viðskiptaupplýsinga eða óhæði þjónustu fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar sem ekki er hægt að koma í veg fyrir eða draga úr með fullnægjandi hætti.

### III. KAFLI

#### FYRIRKOMULAG OPINBERRAR BIRTINGAR

(Ákvæði 1. og 2. mgr. 64. gr. og 1. mgr. 65. gr. tilskipunar 2014/65/esb)

#### 14. gr.

#### Tölvulæsileiki

1. Viðurkenndar birtingarþjónustur og þjónustur fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar skulu birta opinberlega þær upplýsingar sem gera skal opinberar í samræmi við 1. mgr. 64. gr. og 1. mgr. 65. gr. tilskipunar 2014/65/ESB á tölvulæsilegan hátt.
  2. Þjónustur fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar skulu birta opinberlega þær upplýsingar sem gera skal opinberar í samræmi við 2. mgr. 65. gr. tilskipunar 2014/65/ESB á tölvulæsilegan hátt.
  3. Upplýsingar skulu einungis teljast birtar opinberlega á tölvulæsilegan hátt ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
    - a) þær eru á rafrænu formi sem er til þess ætlað að tölva geti lesið þær beint og sjálfvirkt,
    - b) þær eru geymdar með viðeigandi högun upplýsingatæknikerfa (e. *IT architecture*) í samræmi við 7. mgr. 8. gr. sem gerir sjálfvirkan aðgang mögulegan,
    - c) umgjörð þeirra er nógu traust til að tryggja samfellu og reglufestu í framkvæmd veittrar þjónustu og tryggir fullnægjandi aðgang að því er varðar hraða,
    - d) þær má nálgast, lesa, nota og afrita með tölvuhugbúnaði sem er án endurgjalds og aðgengilegur öllum.
- Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar skal rafræna sniðið tilgreint í endurgjaldslausum og opnum stöðlum sem eru ekki einkaleyfisvarðir.
4. Að því er varðar a-lið 3. mgr. skal rafræna sniðið taka til tegundar skráa eða skilaboða, reglna um auðkenningu þeirra og heitis og gagnategundar reitanna sem þau hafa að geyma.
  5. Viðurkenndar birtingarþjónustur og þjónustur fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar skulu:
    - a) gera leiðbeiningar tiltækar almenningi sem útskýra hvernig og hvar auðvelt er að nálgast og nota gögnin, að því meðtöldu að tilgreina rafræna sniðið,
    - b) gera opinberar allar þær breytingar á leiðbeiningunum sem um getur í a-lið minnst þremur mánuðum áður en þær taka gildi, nema áriðandi og tilhlýðilega rökstudd þörf sé á því að breytingarnar á leiðbeiningunum taki gildi fyrir,
    - c) setja tengil í leiðbeiningarnar sem um getur í a-lið á heimasíðu vefseturs þeirra.

*15. gr.***Umfang sameinaðra viðskiptaupplýsinga um hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga**

1. Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar skal hafa í rafrænu gagnastreymi sínu gögn sem gerð eru opinber skv. 6. og 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 í tengslum við alla fjármálagerninga sem um getur í þessum greinum.
2. Þegar ný viðurkennd birtingarþjónusta eða nýr viðskiptavettvangur hefur starfsemi skal þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar bæta í rafrænt gagnastreymi sitt fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar þeim gögnum sem viðurkennda birtingarþjónustan eða viðskiptavettvangurinn hefur gert opinber eins skjótt og auðið er og eigi síðar en sex mánuðum frá því að viðurkennda birtingarþjónustan eða viðskiptavettvangurinn hefur starfsemi.

*16. gr.***Auðkenning á upphaflegum og afrituðum upplýsingum um viðskipti með hlutabréf, innláns-skírteini, kauphallarsjóði, skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga**

1. Þegar viðurkennd birtingarþjónusta birtir upplýsingar um viðskipti sem er afrit skal hún færa inn kóðann „DUPL“ í endurprentunarreitinn til að gera viðtakendum gagnanna kleift að gera greinarmun á upphaflegu upplýsingunum um viðskipti og afritum þeirra.
2. Að því er varðar 1. mgr. skal viðurkennd birtingarþjónusta gera þá kröfu til hvers verðbréfafyrirtækis að það fullnægi einu eftirfarandi skilyrða:
  - a) að það votti að það tilkynni aðeins um viðskipti með tiltekinn fjármálagerning gegnum þá viðurkennda birtingarþjónustu,
  - b) að það noti auðkenningarfyrirkomulag þar sem ein skýrsla er merkt upprunaleg („ORGN“) og allar aðrar skýrslur um sömu viðskipti eru merktar sem afrit („DUPL“).

*17. gr.***Birting upphaflegra upplýsinga um viðskipti með hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga**

Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar skal ekki sameina upplýsingar um viðskipti með kóðanum „DUPL“ í endurprentunarreitnum.

*18. gr.***Upplýsingar sem viðurkennd birtingarþjónusta skal birta opinberlega**

1. Viðurkennd birtingarþjónusta skal gera opinberar:
  - a) vegna viðskipta sem framkvæmd eru í tengslum við hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga, upplýsingar um viðskipti sem tilgreindar eru í töflu 2 í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/587, og nota viðeigandi merki sem talin eru upp í töflu 3 í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/587,
  - b) vegna viðskipta sem framkvæmd eru í tengslum við skuldabréf, samsettar fjármálaafurðir, losunarheimildir og afleiður, upplýsingar um viðskipti sem tilgreindar eru í töflu 1 í II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/583, og nota viðeigandi merki sem talin eru upp í töflu 2 í II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/583.

2. Við birtingu upplýsinga um hvenær tilkynnt var um viðskiptin skal viðurkennd birtingarþjónusta tilgreina dagsetningu og tíma, upp á sekúndu, þegar hún birtir upplýsingar um viðskiptin.
3. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skal viðurkennd birtingarþjónusta sem birtir upplýsingar um viðskipti sem framkvæmd eru í rafrænu kerfi tilgreina, upp á millisekúndu, dagsetningu og tíma birtingar þeirra viðskipta í upplýsingum sínum um viðskipti.
4. Að því er varðar 3. mgr. skal „rafrænt kerfi“ merkja kerfi þar sem unnt er að framkvæma fyrirmæli rafrænt eða þar sem unnt er að framkvæma fyrirmæli utan kerfisins að því tilskildu að þau séu auglýst í gegnum viðkomandi kerfi.
5. Tímastimplar sem um getur í 2. og 3. mgr. skulu ekki víkja meira en, í sömu röð, annars vegar einni sekúndu og hins vegar einni millisekúndu frá samræmdum heimstíma (UTC) sem tímamiðstöðvarnar sem taldar eru upp í síðustu ársskýrslu Alþjóðastofnunarinnar um mál og vog (BIPM) um tímategnda starfsemi (e. *Annual Report on Time Activities*) birta og viðhalda.

19. gr.

#### **Bann við mismunun**

Viðurkenndar birtingarþjónustur og þjónustur fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar skulu tryggja að upplýsingar sem gera skal opinberar séu sendar um allar dreifileiðir á sama tíma, þ.m.t. þegar upplýsingar eru gerðar opinberar eins nærri rauntíma og er tæknilega unnt eða 15 mínútum eftir fyrstu opinberu birtingu.

20. gr.

#### **Upplýsingar sem þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar skal birta opinberlega**

Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar skal gera opinberar:

- a) vegna viðskipta sem framkvæmd eru í tengslum við hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga, upplýsingar um viðskipti sem tilgreindar eru í töflu 2 í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/587, og nota viðeigandi merki sem talin eru upp í töflu 3 í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/587,
- b) vegna viðskipta sem framkvæmd eru í tengslum við skuldabréf, samsettar fjármálaafurðir, losunarheimildir og afleiður, upplýsingar um viðskipti sem tilgreindar eru í töflu 1 í II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/583, og nota viðeigandi merki sem talin eru upp í töflu 2 í II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/583.

21. gr.

#### **Gildistaka og framkvæmd**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún skal koma til framkvæmda frá og með þeim degi sem kemur fyrst fram í annarri undirgrein 1. mgr. 93. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

Ákvæði 2. mgr. 14. gr. og b-liðar 20. gr. skulu þó koma til framkvæmda frá og með fyrsta degi níunda mánaðar eftir að tilskipun 2014/65/ESB kemur til framkvæmda.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. júní 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---